

Nd.

399. Frumvarp til laga

[198. mál]

um breyting á lögum nr. 119 27. desember 1976 um breyting á lögum nr. 77 23. desember 1975, um sérstakt tímabundið vörugjald, sbr. lög nr. 20 5. maí 1976.

(Lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976—77.)

1. gr.

Eftirgreind tollskrárnúmer í 1. gr. laganna skulu falla brott:
08.04.29, 39.11.40, 84.19.20 og 92.11.00.

2. gr.

Eftirgreindum tollskrárnúmerum skal bætt við upptalningu tollskrárnúmera í 1. gr. laganna:
08.04.22, 18.06.04, 18.06.05, 18.06.06, 38.11.40, 39.03.14, 39.03.35, 39.03.55, 39.03.83, 42.05.09, 84.19.21, 85.19.18 og 92.11.10.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

4. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella ákvæði þeirra, svo og ákvæði laga nr. 20 5. maí 1976 og laga nr. 119 27. desember 1976, inn í meginmál laga nr. 77 23. desember 1975 og gefa þau út svo breytt.

Ákvæði til bráðabirgða.

Hafi innflytjandi fyrir gildistöku laga þessara afhent til tollmeðferðar skjöl, sem eru að öllu leyti fullnægjandi til þess að unnt sé að tollafgreiða viðkomandi vöru þegar í stað, skal varan tollafgreidd án greiðslu hins sérstaka vörugjalds skv. 1. gr., enda eigi fullnaðartollafgreiðsla sér stað innan 10 daga frá gildistöku laganna.

Tollafgreiða skal vöru sem afhent hefur verið innflytjanda með leyfi tollýfirvalda gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. m. a. 21. gr. tollskrárlaga, án hins sérstaka vörugjalds, enda eigi fullnaðartollafgreiðsla sér stað innan eins mánaðar frá gildistöku laganna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með setningu nýrra tollskrárlaga nr. 120/1976 urðu verulegar breytingar á undirskiptingu ýmissa vöruliða í nokkrum köflum tollskrárinnar. Þannig breyttust tollskrárnúmer einstakra vörutegunda efnislega frá því sem verið hafði, auk þess sem

einstökum tollskrárnúmerum var skipt upp í fleiri undirnúmer. Við þessa breytingu á tollskrárlögum reyndist nauðsynlegt að breyta fjölmörgum stjórnvaldsfyrirmælum, reglugerðum og auglýsingum, jafnframt því sem breyta þurfti lögum um sérstakt tímabundið vörugjald til samræmis við ný tollskrárlög.

Með lögum nr. 119/1976 voru lög nr. 77 frá 23. desember 1975 um sérstakt tímabundið vörugjald framlengd og jafnframt voru gerðar nokkrar breytingar á 1. gr. laganna til samræmis við ný tollskrárlög.

Við nánari athugun á lögum nr. 119/1976 hefur þó komið í ljós að fallið hafa niður nokkur ný tollskrárnúmer úr upptalningu í 1. gr. laganna yfir vörur sem áður báru vörugjald og samræmis vegna þykir ekki fært að fella niður vörugjald af. Hér er um að ræða súkkulaði ýmiss konar í tnr. 18.06.04, 18.06.05 og 18.06.06 (áður 18.06.09) og tengibúnað í tnr. 85.19.18 (áður 85.19.05). Sama gildir um tnr. 39.03.14, 39.03.35, 39.03.55 og 39.03.83 sem eru ný undirnúmer í vörulið 39.03.

Í þessu sambandi þykir rétt að benda á að fjármálaráðuneytið hefur þegar nýtt heimild í 7. gr. laga nr. 20/1976 til að fella niður vörugjald af nokkrum vöruflokkum sem urðu vörugjaldsskyldir einungis vegna breytinga á tollskrá.

Auk þessa hafa komið í ljós nokkrar prentvillur í 1. gr. laga nr. 119/1976 sem lagt er til að leiðrétta verði, þ. e. í stað tnr. 08.04.29, 39.11.40, 84.19.20 og 92.11.00 komi tnr. 08.04.22, 38.11.40, 84.19.21 og 92.11.10.

Vegna þeirra breytinga sem gerðar hafa verið á stofnlögum nr. 77/1976 um sérstakt tímabundið vörugjald með síðari lagasetningu og breytingum þeim sem leiða munu af frumvarpi þessu, verði það að lögum, þykir rétt að lögin verði gefin út að nýju í heild með áorðnum breytingum og réttum tilvitnunum.